



Ljósahátíð

Ljósahátíð eða hanukka er haldin í desember til að minnast þess þegar tókst að frelsa Jerúsalem undan Sýrlendingum árið 164 f. Kr og ljósið í musterinu fór aftur að loga. Ljósahátíðin er haldin í átta daga því sagan segir að þegar kveikja átti ljósið á ný í musterinu var aðeins til olía í einn dag en það logaði þó í átta daga eða þar til tókst að útvega meiri olíu.



Hægt er að lesa meira um þessa atburði í kaflanum: *Forsaga gyðingdóms > Endurvígsla musterisins.*

Sýrlendingar voru ein af merkustu stórbjóðum fornaldar. Þeir ríktu yfir landsvæði frá Rauða hafinu norðut til þar sem nú er Tyrkland og austur til þar sem nú er Íran.

Musteri er bygging þar sem fólk stundar átrúnað sinn og framkvæmir athafnir honum tengdum.

Jólin eru ein helsta hátíð kristinna manna en þá fagna þeir fæðingu frelsarans Jesú Krists.

Kristni er fjölmennasti átrúnaður heims en hún spratt upp úr gyðingdóm fyrir tæplega 2000 árum.

Tunglár miðast við 12 tunglmánuði, tímann frá einu nýju tungli til hins næsta.

Sólár miðast við þann tíma sem það tekur jörðina að snúast í kringum sólina.

Á hverju kvöldi kemur fjölskyldan saman og kveikir á einu kerti og börnin fá litlar gjafir. Mikil gleði fylgir þessari hátíð og farið er í leiki og mikið sungið. Kertin loga í níu arma kertastjaka er svipar til þess stjaka sem stóð í musterinu til forna í Jerúsalem. Kveikt er á einu kerti á hverju kvöldi í þessa átta daga en níundi armurinn er fyrir kertið sem notað er til að kveikja á hinum kertunum með.

Hér á Íslandi er haldið upp á þessa hátíð og lendir hún öðru hvoru megin við jólahátíð kristinna manna þar sem gyðingar fylgja tunglárinu en kristnir sólárinu.

Spurningar

1. Hvað heitir ljósahátíð á hebresku?
2. Hvenær er ljósahátíð haldin?
3. Hvers er minnst með hátíðinni?
4. Hvað stendur hátíðin í marga daga og hvers vegna?
5. Hvernig halda gyðingar upp á hátíðina?
6. Hvernig stendur á því að hátíðin er ekki alltaf sömu megin við jólahátíðina?